

Umræðupunktur frá borðum á málþinginu *Mataraðstoð-ný framtíðarsýn?* þar sem leitað var svara við eftirfarandi spurningum:

1. Hvernig má taka meira tillit til óska notenda úr skýrslunni? 2. Er vilji til að auka samráð milli félagasamtaka og þá hvernig? 3. Er snjallt að koma upp sérstökum verslunum með ódýrum/ókeypis mat? 4. Hvernig verður fyrirkomulag aðstoðar eftir 10 ár?

Borð 1

1. Hvernig má taka meira tillit til óska notenda úr skýrslunni?

- Meira valdeflandi að gefa kort en matarpoka – það þarf að vera val
- Rætt um biðraðir:
 - fólk mætir löngu fyrir auglýstan opnunartíma (alveg upp í einum og hálfum tíma fyrir).
 - oft er lítið að gera síðasta klukkutímann þó það sé nóg til af matvöru því fólk er komið svo snemma.
 - erfitt að bregðast við þessum röðum – ef auglýstur yrði annar tími myndi það ekki breyta því að fólk mætir fyrir.
- Rætt um myndbirtingar:
 - myndir eru ekki birtar með samþykki.
 - myndir af biðröðum notaðar í þeim tilgangi að skapa pressu á yfirvöld.
 - samtök sögðu frá því að blaðamenn hringdu inn þegar vitað var að það var úthlutun og spyrja um aukningu. Reynt að snúa umræðunni og fréttaflutningi við og blaðamönnum bent á að spyrja frekar út í vandann og hvað sé hægt að gera til þess að breyta ástandinu og bregðast við.
- Þarf að huga að því að hafa notendur séu alltaf hafðir með í samráði.
- Áhersla á mikilvægi félagslegrar ráðgjafar og leiðir út úr fátækt, hvernig slítur maður keðjuna?
- Aðferðir verða að vera valdeflandi.

2. Er vilji til að auka samráð milli félagasamtaka og þá hvernig?

- Á höfuðborgarsvæðinu er samráð milli Mæðrastyrksnefnda og Hjálparstarfs kirkjunnar. Einnig er að einhverju leyti samráð milli Hjálparstarfs kirkjunnar og Hjálpræðishersins er varðar mismunandi áherslur á hópa sem þau aðstoða, sbr. Hjálparstarf kirkjunnar leggur áherslur á barnafjölskyldur en Hjálpræðisherinn einbeitir sér að einstaklingum.
- Það er vilji fyrir meira samstarfi á milli stærri samtaka á höfuðborgarsvæðinu en hefur ekki tekist þar sem hugmyndafræðin er ólík sem þau byggja starfið sitt á.
- Geta þeir aðilar sem veita aðstoð til hjálparsamtaka sett kröfur á hjálparsamtökin, t.d. um að allt sé rafrænt? Hvað ráða hjálparsamtökin við? Þarf alltaf að vera þjónusta? Já. Þarf að vera til sveigjanleiki til að mæta ólíkum þörfum fólks.
- Það er rúm fyrir betra og meira samstarf. Mögulega þyrfti aðstoð eða einhverjar línur/leiðbeiningar frá stjórnvöldum til þess að koma á samstarfi og meira samráði, t.d. stýra því að einhverju leyti hjálp yfirvalda til þess að koma á samstarfi og meiri samráði.

3. Er snjallt að koma upp sérstökum verslunum með ódýrum/ókeypis mat?

- Umræður um mikilvægi þess, á sínum tíma, þegar Bónus opnaði og mögulegt var að versla ódýrara í matinn. Lágvöruverðsverslanir skipta miklu máli fyrir fjölskyldur í landinu.

- Hópurinn er sammála um að það er virkilega tilraunarinnar virði að setja á fót matarbanka eða Co-op búðir eins og þær sem voru kynntar hér. Mikilvægt að þær séu fyrir alla, ekki bara afmarkaðan hóp heldur að allir geti verslað þarna jafnt og greiðslufyrirkomulag sé breytilegt eftir aðstæðum hvers og eins.
- Áhersla á að þessar verslanir verði að vera smart og snyrtilegar. Ekki bara einhver vöruhús eða sem matargjafarlausn.
- Svona verslanir eiga að vera þannig að allir geta verslað þar en það sé fundin leið til þess að þeir sem minna eiga geti líka verslað þar.
- Þetta er samfélagslegt verkefni þar sem allir eru með og allir geta tekið þátt.
- Rætt um fatagjafir:
 - ein lausn er að hætt verði við fatagjafir eins og er til dæmis hjá Hjálparstarfi kirkjunnar og unnið að samstarfi við Loppuverslanir sem eru að opna víða. T.d. væri hægt að gefa kort í slíkar verslanir í staðinn fyrir að vera með sér fataúthlutanir.
- Nefnd dæmi um útfærslur á slíkum verkefnum í Glasgow. Þar eru matsölustaðir, kaffihús sem bjóða upp á að greitt sé með frjálsum framlögum í staðinn fyrir að það sé ókeypis eða ekki. Síðla dags þegar svo líður að lokum er allt frítt til þess að koma í veg fyrir matarsóun og koma til móts við þá sem ekki geta greitt.
- Þetta fyrirkomulag er núna t.d. í nýju húsi Hjálpræðishersins þar sem þeir sem hafa efni á geta borgað fyrir mat og kaffi en þeir sem það geta ekki eru með kort og greiða ekki.
- Rætt um að hér á landi vanti svokallaða frumkvöðlastyrki í félagslegum tilgangi (Social enterprise) sem félög og fyrirtæki geta sótt um til þess að reka svona fyrirkomulag – ef fyrirtæki vilja setja svona upp þá vantar strúktúrinn í kringum það.
- Nefnd dæmi um Co-op búðir þar sem fólk getur unnið í sjálfboðastarfi í nokkra tíma á mánuði gegn úttekt í búðinni. Þarf að skoða slíkt fyrirkomulag í öðrum löndum og innleiða þetta hér. Byggja upp hvata til þess að vera með samfélagsleg verkefni sem nýtast öllum og allir geta tekið þátt.

4. Hvernig verður fyrirkomulag aðstoðar eftir 10 ár?

- Draumastaðan er sú að eftir 10 ár séu þessar búðir til fyrir alla þar sem þetta þykir eðlilegt og sjálfsagður hluti af neysluvenjum – ekki greinarmunur gerður á fólki eða fjárhagsstöðu þess.

Annað sem rætt var um:

- Mikilvægt er að auka fræðslu um matarsóun
- Vitundavakning um neysluvenjur, kauphegðun og sóun
- Vekja athygli á að vörur eru oft í lagi mikið lengur en fram kemur á dagsetningum

Borð 2

1. Hvernig má taka meira tillit til óska notenda úr skýrslunni?

Hætta með matargjafir og gefa frekar kort. Hætta með raðir.

Matarbanki – koma því á fót sem fjáröflun s.s. fyrir hjálparsamtök. Verslanir þar sem þú getur komið með kort sem þú rennir í gegn en ekki er tekin greiðsla fyrir.

Í draumasamfélaginu væri engin þörf á þessu – skammarlegt hversu hátt hlutfall fólks þarf á þessu að halda.

Framtíð að beina sjónum að því að koma í veg fyrir matarsóun og í leiðinni geti þeir sem á þurfa að halda geti fengið ódýran/ókeypis mat.

Þær hugmyndir sem voru kynntar þ.e. matarvagn og matarbanki fyrir alla dregur úr neikvæðri upplifun notenda/fordómum (stigma).

Fatamarkaðir s.s. Loppumarkaðir vinsælir - útfæra yfir í mat líka.

Breyting á hugarfari.

Mikilvægt fyrir umræðuna og stefnuna að sporna gegn matarsóun en við verðum að skilja á milli matargjafa og matarsóunar. Matargjafir mega ekki vera lausnin gegn matarsóun. En getur verið ein af lausnunum.

2. Er vilji til að auka samráð milli félagasamtaka og þá hvernig?

Kalla alla aðila saman og vinna í teymisvinnu. sbr. hvernig þetta er gert víða úti á landi. Ekki þörf á auknu samráði víða um land.

Já, það þarf að auka samráð skv. upplifun hagsmunasamtaka s.s. PEPP. Viljinn hjá notendum er til staðar þ.e. þurfa ekki að flakka á milli staða til að fá aðstoð.

Með meira samráði er hægt að bjóða upp á aukna þjónustu s.s. ráðgjöf, kaffihús, stuðning.

Bjóða þarf aðstoð á fleiri tungumálum.

Að fólk geti sagt frá hvað það er sem það þarf hjálp með og geti fengið aðstoð við það s.s. félagsleg einangrun til viðbótar við t.d. fátækt.

Virkja fólk til þátttöku s.s. fólk sem talar ekki íslensku.

Vilji til staðar hjá flestum – en líklega ekki öllum.

3. Er snjallt að koma upp sérstökum verslunum með ódýrum/ókeypis mat?

sjá svör við spurningu 1 – já snjallt – en með formerkjum.

4. Hvernig verður fyrirkomulag aðstoðar eftir 10 ár?

Netfang sem FRN kom á fót vegna COVID sem fólk gat sent erindi til ef það vantaði aðstoð. Það er t.d. ákv. lausn. Þannig sé einn staður sem fólk getur leitað til.

Þá verða notuð kort, sem þeir sem á þurfa að halda geta notað og greitt lítið fyrir.

Borð 3

Spurning 1: Hvernig má taka meira tillit til óska notenda úr skýrslunni?

Spurningalistar lágu frammi og etv. erfitt fyrir fólk að taka þátt. Hver afhenti blaðið og hver tók svo við blaðinu? Finnst vart hægt að taka mark á skýrslunni um fyrirkomulagi úthlutana og ráðgjafar hjálparsamtaka vegna ágalla við framkvæmd.

Fólk hræðist etv. að gefa í skyn hvað það þarf og virkilega finnst. Hrætt við að fá gagnrýni fyrir vanþakklæti og fl.

Koma upp kerfi fyrir dreifingu t.d. afganga eftir stórar veislur og viðburði.

Spurning 2: Er vilji til að auka samráð milli félagasamtaka og þá hvernig?

Það er vilji hjá sumum félagasamtökum en ekki öllum – betra að hafa samvinnu.

Ef ekki „matarbanki“ þá verður að vera mikið meira samstarf og samvinna allra aðila sem koma að þessu.

Ætti að vera nægjanlegur hvati fyrir fyrirtæki að vera umhverfisvæn og ekki þörf á skattaávilnun.

Spurning 3: Er snjallt að koma upp sérstökum verslunum með ódýrum/ókeypis mat?

Fólk geti jafnvel lagt fram vinnu og fengið mat í staðinn – Co-op Store fyrirkomulag.

Ef notuð eru kort þá verði þau með ákv. upphæð/inneign og fólk gæti svo valið hvert það færi. Hvati að fara í ódýrustu verslunina eða þangað sem vörur eru ókeypis. Verja valfrelsi fólks.

Skoða það hvar fatnaður er seldur og hvar ekki og hvernig dreifingin á sér stað.

Fjölbreytni í fyrirrúmi og allir með kort eins og greiðslukort.

Koma upp verslunum og veitingastöðum.

Spurning 4: Hvernig verður fyrirkomulag mataraðstoðar eftir 10 ár?

Vilja sjá Co-op verslanir og rafræna nálgun, söluvænni mat og betri, en allir geti verslað í verslunarumhverfi.

Matarpokarnir farnir.

Ekki þörf á mataraðstoð eftir 10 ár, aðstæður fólks verði bættar þannig að það geti raungerst.

Fólkið sjálft og valdefling í forsæti ætti að vera framtíðarsýnin í þessum málaflokki.

Borð 4

1. Hvernig má taka meira tillit til óska notenda úr skýrslunni?

Nota rafrænar lausnir t.d. kort til að greiða með eins og Rakel nefndi í sínu erindi. Eitthvað sem er ómerkt og auðkennir ekki fólk sem býr við fátækt. Það á að hætta með biðraðir og matarpoka. Aðilar sammála um að spennandi sé að þróa tillögur úr aðgerðaráætlun gegn matarsóun til að mæta þörf fyrir ódýrri matvöru.

2. Er vilji til að auka samráð milli félagasamtaka og þá hvernig?

Dæmið frá Akureyri sýnir að það er vilji til að auka samstarf á milli félagasamtaka. Félagasamtökin verða sterkari saman. Fólk sem sækir mataraðstoð fer ekki bara á einn stað heldur oft fleiri staði eins og fram kom í skýrslu Félagsvísindastofnunar, það eitt og sér gefur nægt tilefni til þess að auka samstarfið á milli hjálparsamtaka.

Það þarf þó að gæta að persónuverndarmálum í slíku samstarfi. Hjálpræðisherinn úthlutar kortum sem fólk getur notað til að greiða fyrir veitingar í veitingasölu og það er góð fyrirmynd þ.e. allir saman, óháð efnahag að versla veitingar á sama staðnum. Fólki fannst að sama skapi hugmyndin um að allir séu saman í sömu röð og sömu búð, án tillits til efnahags, skemmtileg hugmynd (sjá aðgerð 23 í aðgerðaráætlun gegn matarsóun). Kerfið snýst ekki bara um fátækt heldur aðstæður allra í samfélaginu.

3. Er snjallt að koma upp sérstökum verslunum með ódýrum/ókeypis mat?

Flestir voru sammála um að það ætti að koma upp sérverslunum fyrir mat á síðasta snúning. Þó var einn sem spurði hversu mikið væri að falla til af mat og hvort umfangið væri nægilega mikið til að það myndi borga sig að koma upp sérverslunum eða hvort það væri nóg að vera með smá horn í hverri verslun fyrir mat á síðasta snúning. Meirihlutinn við borðið taldi að umfangið væri það mikið að það myndi borga sig að vera með sérverslun. Það væri auk þess auðveldara fyrir almenning sem vill sporna gegn matarsóun ef það væru sérstakir staðir sem bjóða upp á matvöru á síðasta snúning þannig að fólk geti gengið að því vísu þegar það kemur í búðina.

4. Hvernig verður fyrirkomulag aðstoðar eftir 10 ár?

Eftir 10 ár verður búið að útrýma biðröðum og pokum. Staðan verður meira í takt við tillögur Rakelar (sjá aðgerðaráætlun gegn matarsóun, aðgerð 23 & 24). Notast verður við rafrænar úthlutanir/greiðsluaðferðir. Engar biðraðir eða aðskilnaður hópa.